

ytarlega hefur sýnt fram á, virðast hafa verið hjá þeim hjónum Halldóri og Sigurbjörgu, en afskipti hins stefnda að eins í því fölgín, að hann hafi verið tengdaforeldrum sínum hjálplegur með innheimtu afgjaldanna; frekara verður ekki með neinni vissu ráðið af upplýsingum þeim, sem fram eru komnar undir málinu.

Yfirdómurinn fær þannig ekki sjeð, að neitt af kröfuatriðum áfrýjandans í máli þessu verði tekin til greina, og ber því að staðfesta gestarjettardóminn. Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 12. febrúar.

Nr. 26/1881.

Rjettvísín

gegn

Jónasi Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á aukapíngi Snæfellsness-og Hnappadalssýslu 6. dag septembermán. 1881, var hinn ákærði, Jónas Jónsson, dæmdur til að sæta hegningarvinnu í 2 ár; svo skyldi hann og greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, 4 krónur, og í iðgjöld prestinum Snorra Norðfjörð 18 krónur, og Benedikt Björnssyni 12 krónur. Þess-

um dómi er að ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða Jónasar Jónssonar, sem ekki veikist af neinu því, sem á annan hátt er komið fram í málinu, löglega sannað, að hann haustið 1879 hefur stolið 2 kindum, er hann handsamaði úti á víðavangi; skar hann þær þegar og hagnýtti sjer afurðir þeirra þannig, að hann seldi Sigurði bónda Bárðarsyni á Jörfa skrokkana, ullina ljet hann leggja inn í kaupstað, en slátrið og skinnin fól hann eða skildi eptir í hrauninu þar er hann tók þær.—Sama haustið stal hann enn 2 kindum úti á víðavangi, skar þær jafnskjótt og hann hafði handsamað þær, seldi annan skrokkinn, en gaf hinn; hinar afurðir þessara kinda fór hann með sem í fyrra skiptið.—Hver átt hafi kindur þær, er hann stal fyrr, er ekki ljóst, og um seinni kindurnar ber þess að geta, að þótt hinn ákærði að vísu hafi eignað þær prestinum Snorra Norðfjörð og sagt þær með hans marki, þá er þar fyrir ekki sannað, að þær hafi verið hans eign, því sjálfur skýrir presturinn svo frá, að kindur þær, er hann saknaði nefnt haust, hafi verið aðfengnar, og því merktar upp eða með hornamarki sínu eða Hitarnesss eða hvorutveggja, en skýrsla hins ákærða um þetta er sumpart móthverf skýrslu prestsins, sumpart ófengin; með því nú ennfremur ekki hefur verið lögð regluleg virðing á kindurnar, verða ekki iðgjöld dæmd fyrir kindurnar í þessu máli.

Hinn ákærði hefur einnig játað, að hann um veturnætur 1878 hafi frá húsbónda sínum, Benedikt Björnssyni á Brúarhrauni, stolið kindarkropp, er



hann hagnýtti sjer, og veturinn 1879 5 pundum af ullu uppá-að því virðist-opnu stofulopti, er hann ljet selja í kaupstað.—Eiganda þýfisins, Benedikt Björnssyni, var ókunnugt um, að Jónas hefði stolið nokkru frá honnm; en endurgjalds fyrir það, sem Jónas kveðst hafa stolið frá honum, hefur hann krafizt; þar sem nú samt ekki hefur verið lögð regluleg virðing á þýfið, og iðgjöld þau, sem honum eru dæmd í hjeraði, þykja í herra lagi, er ekki unnt að dæma honum iðgjöld í þessu máli, en geymdur er honum rjettur til þeirra. Loks hefur hinn ákærði játað, að hann um sumarið 1879 hafi úr sölubúð Grams kaupmanns í Stykkishólmi haft á burt með sjer regnkápu í þeim tilgangi að kasta á hana eign sinni, ef það gæti heppnast; en hlutadeigandi verzlunarstjóri tók eptir því, veitti honum eptirför, og ljet hann greiða andvirði kápunnar.

Þessi afbrot ákærða eiga undir 230. og 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hinn ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, en hefur setið all lengi í varðhaldi undir rekstri málsins í hjeraði, hefur til unnið, hæfilega metin 16 mánaða betrunarhússvinna. Svo ber honum og að greiða allan af máli þessu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeraði 4 kr., og málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er ákveðin skulu 12 kr. til hvors þeirra.

Að því snertir rekstur og meðferð málsins í hjeraði skal það tekið fram, að hjeraðsdómarinn hefur brúkað mjög langan tíma einkum til prófanna; en

eptir skýringum þeim, sem hann hefur gefið sjer til afbötunar, virðist ekki alveg næg ástæða til þess að láta þenna drátt varða hann ábyrgð. Samkvæmt úrskurði yfirdómsins, kveðnum upp 12. desbr. 1881, átti hjeradsdómarinn að prófa ýmsa nafngreinda menn. Um 2 af þeim hefur hann getið þess, að þeir væru farnir úr sýslunni, en hvert, væri rjettinum ókunnugt um. Þessi yfirlýsing hjeradsdómarans er mjög aðfinningarverð, því það er skylda hans að kynna sjer, hvert þeir hefðu farið, og hlutast til um, að skýrsla þeirra væri tekin í því lög-sagnarumdæmi, er þeir höfðu flutzt í.

Sókn og vörn málsins við yfirdóminn hefur verið lögmet.

Þvi dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jónas Jónsson á að sæta betrunarhússvinnu í 16 mánuði og greiða allan af máli þessu í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í hjeraði, Samsonar Magnússonar, 4 krónur, og málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 12 krónur til hvors þeirra. Benedikt bónda Björnssyni á Brúarhrauni geymist rjettur hans til iðgjalda óskertur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.